

Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum.

Frá Guðjóni A. Kristjánssyni.

Við 6. gr.

a. 2. efnismgr. orðist svo:

Heimilt er að flytja greiðslumark milli lögbýla með eftirtöldum skilyrðum: við sam-einingu lögbýla; ef eigandi lögbýlis, sem hefur búið og stundað framleiðslu síðastliðin tvö ár, flytur á annað lögbýli; og ef eigandi að sérskráðu greiðslumarki flytur á annað lögbýli.

b. 1. másl. 4. efnismgr. orðist svo: Ríkissjóði er heimilt að kaupa upp 45.000 ærgildi greiðslumarks í sauðfé.

Greinargerð.

Flutningsmaður lítur svo á að gildistími samningsins sé í reynd sjö ára aðlögunartími fyrir bændur til þess að mæta að honum loknum mjög harðri samkeppni á matvörumarkaði. Svo virðist að helsta von sauðfjárþænda sé sú að fá hærra verð fyrir lífrænt ræktaðar og vottaðar framleiðsluvörur dillkakjots í næstu framtíð. Hvetja þyrfti bændur, styðja þá og styrkja til þess að þróa búskap sinn að lífrænni ræktun sauðfjár. Gæðastýrð sauðfjárframleiðsla með skilgreindan framleiðsluferil sem tekur mið af umhverfisvernd og beitarþoli landsvæða ætti að auðvelda bændum aðlögun að lífrænum búskaparháttum á næstu árum. Þess vegna leggur flutningsmaður til að frjálsta framsalið verði ekki innleitt í sauðfjárþúskapinn og í raun verði látið á það reyna hvort hægt sé að ná þeim markmiðum með lífrænni ræktun sem nauðsynleg er ef bændur eiga að fá viðunandi verð fyrir dillkakjöt í framtíðinni.

Með því að innleiða frjálsta framsal greiðslumarks er í raun verið að fara sömu leið og raskað hefur byggð með kvótabraski í sjávarútvegi, valdið þar miklum deilum og eignaupptöku á eigum fólks. Frjálslýndi flokkurinn hafnar slíku fyrirkomulagi sem stuðla mun að enn meira strjálbýli í sveitum landsins og hraða flutningi fólks af landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins. Afar vanhugsað er að efna til frjálsta framsals án þess að gefa sauðfjárþændum kost á að nýtasér það aðlögunarferli sem samningur til sjö ára gefur þeim kost á. Lágmarkskrafa væri að meta áhrif samningsins að 4–5 árum liðnum áður en slík aðferð sem frjálsta sala greiðslumarksins er verður sett af stað til byggðaröskunar í sveitum landsins.